

Skólareglur Grunnskóla Raufarhafnar

Ábyrgð – Gleði – Virðing - Sveigjanleiki



1. Við sýnum hvert öðru tillitsemi og virðingu.
2. Við förum eftir fyrirmælum starfsmanna.
3. Við mætum ávallt stundvíslega, klædd eftir veðri og með íþróttá- og sundfatnað.
4. Við höfum slökkt á símanum og geymum hann ofan í tösku.
5. Við temjum okkur hollar lífsvenjur og notum ekki tóbak eða önnur vímuefni í skólanum, á skólalóðinni eða hvar sem er á vegum skólans.
6. Nemendum ber að nota reiðhjólahláma þegar hjólað er á skólalóð. Rafhjól eru ekki heimil á skólalóð.

Viðurlög vegna brota á skólareglum

Brjóti nemandi skólareglu ber viðkomandi kennara eða starfsmanni að fylgja eftirfarandi vinnureglum til þess að tryggja sé að forráðamenn og umsjónarkennari fái vitneskju um málið. Bregðast skal við brotum á eftirfarandi hátt:

1.stig Viðkomandi starfsmaður ræðir sérstaklega við nemanda og gerir honum grein fyrir alvarleika málsins. Umsjónarkennara er gert viðvart og atvikið er skráð.

2.stig Við endurtekin brot hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn um úrlausnir. Niðurstöður skráðar.

3.stig Ef ekki verður breyting á hegðun nemanda, boðar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund þar sem málið verður tekið til umfjöllunar. Niðurstaða fundar er skráð og tekið fram hvað nemandi ætlar að gera til að bæta stöðu sína.

4.stig Beri ofangreind úrræði ekki viðunandi árangur er málinu vísað til skólastjóra sem getur vísað málinu til nemendaverndarráðs og/eða barnaverndarnefndar skv. 14.gr laga um grunnskóla 91/2008.

ATH! Brot getur verið svo alvarlegt að hlaupa verði yfir stig og vísa málinu strax til skólastjóra.